

## REGLUGERÐ

### um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2014 samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

#### 1. gr.

Fjárhæðir greiðslna samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar skulu vera sem hér segir fyrir árið 2014:

- a. Hámarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna skv. 1. másl. 3. mgr. 10. gr. laganna skal nema 576.629 kr. á mánuði.
- b. Lágmarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna skv. 2. másl. 3. mgr. 10. gr. laganna skal nema 149.620 kr. á mánuði.
- c. Fjárhæð greiðslna til líffæragjafa í námi skv. 1. mgr. 15. gr. laganna skal nema 149.620 kr. á mánuði.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 18. gr., sbr. 8. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 15. gr. laga nr. 40/2009, um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, öðlast gildi 1. janúar 2014. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1210/2012, um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2013 samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

*Velferðarráðuneytinu, 20. desember 2013.*

**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*